

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.
 Nr. 209/1992. **Kristmundur Ingibjörnsson**
 (Hjalti Steinþórsson hrl.)
 gegn
Fiskiðju Sauðárkróks hf.
 (Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 253.068 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti í skipi stefnda, Tjaldanesi ÍS-522, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vinnuskylda í þágu stefnda hvíldi á áfrýjanda á uppsagnartíma frá 1. apríl til 30. júní 1991. Ósannað er gegn eindregnum mótmælum stefnda, að áfrýjandi hafi verið leystur undan þeirri skyldu, hvorki áður en hann réð sig til annars vinnuveitanda né síðar á uppsagnartímanum. Réttur hans til launa úr hendi stefnda féll því niður frá þeim tíma, er hann af þessari ástæðu gat ekki lengur efnt samnings-skyldur sínar gagnvart honum. Með skírskotun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristmundur Ingibjörnsson, greiði stefnda,

Fiskiðju Sauðárkróks hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 20. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 24. janúar sl., höfðaði Kristmundur Ingibjörnsson, kt. 170152-2049, Nönnustíg 2, Hafnarfirði, með stefnu, birti 3. október 1991 fyrir Þórólfi Gíslasyni, stjórnarformanni Fiskiðju Sauðárkróks hf., f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 253.068, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar [...], enn fremur, að stefnda verði dæmt skylt að þola staðfestingu á sjóveði í skipi þess, Tjaldanesi ÍS-522, skipaskráningarnúmer 127, fyrir ofangreindum kröfum, en á skipi þessu starfaði stefnandi í þágu stefnda. Skipið hét áður Ólafur Þorsteinsson SK-77, en þrátt fyrir nafnbreytinguna er það enn skráð eign stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið 1. stýrimaður á Ólafi Þorsteinssyni SK-77, sem stefndi hafi átt og gert út. Hinn 26. mars 1991 hafi stefnanda verið sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1991 með uppsagnarfresti skv. sjómannalögum sem er 3 mánuðir og hafi þetta verið tekið fram í uppsagnarbréfinu. Hafi því störfum stefnanda átt að ljúka 30. júní 1991.

Stefnandi kveður, að hann hafi starfað áfram þar til 21. apríl 1991, en þá hafi skipinu verið lagt og sér tjáð, að sér væri óhætt að fá sér vinnu annars staðar.

Stefnandi kveðst hafa fengið greidd laun til 21. apríl 1991 en síðan þá hafi hann ekki fengið nein laun greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé sér þörf á að höfða mál þetta.

Stefnandi kveður skipinu hafa verið lagt í byrjun aprílmánaðar, en þá hafi ekki legið fyrir hvort það yrði um stundarsakir eða til lengri tíma. Á þessum tíma hafi ekkert legið fyrir um það, hvort skipinu yrði haldið úti á uppsagnartímanum.

Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda laun, kauptryggingu, til þess tíma er stefndi fékk staðfestingu á því að stefnandi hefði ráðið sig í vinnu hjá öðru fyrirtæki. Með þeirri ráðningu taldi stefndi að stefnandi hefði rift ráðningarsamningi sínum við stefnda. Þar sem stefnandi hafði ráðið sig í vinnu hjá öðrum atvinnurekanda án þess að ræða við stefnda um starfslok, taldi stefndi, að sér væri óskyld að greiða stefnanda frekari laun og stöðvaði því launagreiðslur til hans.

Stefndi hefur mótmælt því að skipinu hafi verið lagt þann 21. apríl og stefnanda verið sagt að hann gæti ráðið sig þegar í aðra vinnu.

Vitnið Finnur Sigurbjörnsson skipstjóri skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði sagt áhöfn skipsins frá fyrirhugaðri uppsögn að beiðni framkvæmdastjórans, Einars Svanssonar. Hann hefði enn fremur lagt þann skilning í samræður sínar og framkvæmdastjóra stefnda, að hann ætti að skýra áhöfninni frá því að hún mætti fara að leita sér að öðru starfi. Vitnið segir að hvorki í samtali sínu við framkvæmdastjórann né við áhöfnina hafi verið rætt um launagreiðslur í uppsagnarfrestinum. Aðspurtt skýrði vitnið svo frá að hann hefði aldrei sagt við áhöfnina að þeir ættu að tilkynna útgerðinni ef þeir færu í aðra vinnu, en hann hefði talið eðlilegt, að þeir myndu gera það, og að það hafi verið sinn skilningur í samræðum við framkvæmdastjóra stefnda.

Einar Svansson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur borið fyrir dóminum að hann hafi ekki gefið skipstjóranum þau fyrirmæli að áhöfnin mætti fara að leita sér að öðru starfi.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína um greiðslu vangoldinna launa út uppsagnarfrest á 2. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr., sbr. og 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Auk þess byggir stefnandi á uppsagnarbréfi því sem stefndi sendi stefnanda, en í því hafi verið kveðið á um 3 mánaða uppsagnarfrest, sem stefnandi telur stefnda þar með hafa skuldbundið sig til að greiða.

Stefnandi segir kröfu sína í málinu tölulega miðaða við lágmarkskaup 1. stýrimanns, þ.e. kauptryggingu, en hún greiðist ef ekkert fiskast.

Stefnandi segir það aldrei hafa verið rætt við sig af hálfu stefnda, að stefndi myndi leyfa honum að fara svo að hann ætti góða möguleika til að komast í annað skiprúm, og það sé ekki eitt af þeim atriðum, sem leysi útgerðarmenn undan skyldu til greiðslu kaups á uppsagnarfresti. Stefnandi segir að enginn samningur hafi legið fyrir þar sem stefndi leysti stefnanda undan starfsskyldum sínum gegn því að ekki yrði um launakröfur af hans hálfu að ræða.

Stefnandi telur, að 25. gr. sjómannalaga hafi að geyma fyrirmæli um meðalhófsbætur, og kveður þann skilning sinn styðjast við dómvenju þar um. Því eigi það ekki að hafa nein áhrif þótt stefnandi hafi haft laun annars staðar frá á uppsagnarfresti.

Kröfu sína um málskostnað kveðst stefnandi styðja við ástæður málaferlanna sem séu vanefndir stefnda á greiðsluskyldu hans skv. lögum, einnig við 177. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskatts-

skyldur aðili og því sé sér nauðsyn á að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Kröfu sína um staðfestingu á sjóveði byggir stefnandi á ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, einkum 197. til 203. gr.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður að í uppsagnarbréfi stefnda til stefnanda komi skýrt fram að störfum stefnanda skyldi ljúka þann 30. júní 1991.

Stefndi vísar í greinargerð með 27. gr. siglingalaga nr. 35/1985 máli sínu til stuðnings en þar telur hann þá grundvallarreglu vinnuréttar áréttaða að til þess að eiga rétt til launa, verði launþegi að inna vinnu af hendi eða vera reiðubúinn til þess, nema lögmæt forföll hamli.

Stefndi telur að með því að stefnandi hafi ráðið sig til vinnu á ráðningartímanum hjá öðrum atvinnurekanda án þess að semja við stefnda um lausn úr skiprúmi hjá stefnda hafi stefnandi einhliða rift ráðningu sinni við stefnda.

Stefndi kveður að sér hafi verið heimilt að beita fyrir sig bótaákvæði 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en það hafi hann ekki gert.

Stefndi kveður að hefði stefnandi hirt um að óska eftir því við stefnda að fá lausn úr starfi á uppsagnartímanum hefði það væntanlega gengið eftir, en þá að sjálfsgöðu á þeirri forsendu, að stefndi myndi ekki verða krafinn um laun eftir að stefnandi væri kominn í aðra vinnu.

Stefndi kveður að stefnandi hafi einhliða rift ráðningarsamningi sínum við stefnda, og því beri að sýkna stefnda að launakröfu stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt túlkun stefnanda á Hæstaréttardómi 1988, 943.

III.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í máli þessu að stefnanda var sagt upp störfum á lög-mætan hátt með bréfi sem lagt er fram sem dómskjal nr. 6. Í bréfi þessu kemur skýrt fram að störfum stefnanda hjá stefnda skyldi ljúka þann 30. júní 1991.

Skipstjórinn á Ólafi Þorsteinssyni SK-77 hefur borið það fyrir dómi að hann hafi einungis fengið bein fyrirmæli frá framkvæmdastjóra stefnda um að skýra stefnanda frá fyrirhugaðri uppsögn og samræður sínar við framkvæmdastjóra stefnda hafi hann skilið á þann veg að hann ætti að skýra áhöfninni frá því að þeir mættu leita sér að annarri atvinnu. Framkvæmdastjóri stefnda hefur mótmælt því, að hann hafi gefið skipstjóranum leyfi til að skýra áhöfninni frá því að þeim væri heimilt að leita sér að annarri atvinnu. Í vitnisburði skipstjórans kom fram, að hann hefði ekki fengið nein

fyrirmæli um að ræða launagreiðslur til áhafnarinnar í uppsagnarfresti, enda hafi hann ekki gert það.

Ákvæði uppsagnarbréfsins er mjög skýrt og kveður á um vinnulok þann 30. júní 1991. Er ekki unnt að líta svo á, að því ákvæði hafi verið hnekkð með ummælum skipstjórans.

Í 27. gr. sjómannalaga er skýrt kveðið á um það að skipverji taki laun til þess dags er ráðningu hans lýkur. Í greinargerð með því ákvæði segir m.a. að til þess að skipverji eigi rétt til launa verði hann að inna vinnu af höndum eða vera reiðubúinn til þess. Verður að telja að þar sem stefnandi hafi ráðið sig í aðra vinnu, sbr. yfirlýsingu á dómskjöllum nr. 13 og 15, frá 12. apríl 1991, þ.e. áður en ráðningu hans hjá stefnda skyldi lokið 30. júní 1991, hafi honum ekki verið unnt að efna fyrri ráðningarsamning sinn.

Forsenda þess, að skipverji fái bætur skv. 25. gr. sjómannalaga, er, að skipverja sé vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans sé liðinn. Ráðningartíma stefnanda skyldi ljúka 30. júní 1991, sbr. dómskjal nr. 6. Stefnanda var því ekki vikið úr starfi fyrir 30. júní 1991.

Þegar af þessum ástæðum verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 50.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskiðja Sauðárkróks hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristmundar Ingibjörnssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Kristmundur Ingibjörnsson, greiði stefnda, Fiskiðju Sauðárkróks hf., kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.